

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2018

Guðmundur Jóhannesson

Alls var sent út sæði úr 31 nauti í árgangi 2018 til afkvæmaprófunar. Sjö naut áttu syni í þessum árgangi. Flesta syni átti Gýmir 11007 eða átta talsins, Lúður 10067 átti sjö syni, Úranus 10081 og Skalli 11023 áttu fimm syni hvor, Dropi 10077 átti fjóra syni og Úlli 10089 átti tvo syni.

Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en próteinhlutfall og skap eru þeir eiginleikar sem koma hvað best út í heildina. Veikleiki árgangsins liggur í hve mörg naut koma illa út í mjólkurlagni, júgur- og spenagerð. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera. Þetta er fyrsti árgangurinn sem ekki kom til hefðbundins úrvals að lokinni afkvæmaprófun þar sem erfðamengisúrvali var hrint í framkvæmd áður. Úr árgangnum og fleiri árgöngum voru því valin naut til framhaldsnotkunar samkvæmt erfðamati áður en afkvæmadómur lág fyrir. Óvenjufá naut komu því til framhaldsnotkunar úr þessum árgangi samanboreð við eldri árganga.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Humall 18001 frá Birtingaholti 4, Hrunamannahreppi.

F: Úranus 10081, m: Randafluga 1035, mf: Boli 1665491-0620

Dætur Humals eru fremur mjólkurlagnar en hlutfall fitu í mjólk er lágt en hlutfall próteins í meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með góða yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, aðeins hallandi og fremur þaklaga. Fótstaða er sterkleg en nokkuð þröng. Júgur eru veikbyggð, júgurfasta lítil, júgurband ekki áberandi og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru vel gerðir og ágætlega settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og mjaltagallar lítt áberandi. Skapið er í góðu meðallagi og fáir skapgallaðir gripir í hópnum. Í gæðaröð koma þessar kýr prýðilega út. Mikill meirihluti afkvæma Humals er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum koma kolóttir litir oftast fyrir þó alla liti nema gráa megi sjá. Undan Humli geta komið hyrndir gripir.

Humall verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Sonar 18002 frá Egilsstöðum, Völlum.

F: Úranus 10081, m: Systa 500, mf: Baldi 06010

Afurðageta dætra Sonar er undir meðallagi en hlutföll verðefna í mjólk eru umfram meðallag. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er hokin og þröng. Júgurgerð er góð, júgurfasta í góðu meðallagi, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru frekar langir, hæfilega þykkir en tæplega nógu vel settir. Dætur Sonar eru um meðallagi í mjóltum en mjaltagallar eru ekki áberandi í hópnum. Skapið er meðalgott en ekki ber á skapgölluðum gripum þó kýrnar komi ekki sérlega vel út í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Sonar er tvílitur þar sem hífóttur litur er algengastur. Af grunnlitum eru rauðir, bröndóttir og kolóttir litir langalgengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Syni geta komið hyrndir gripir.

Sonar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bófi 18003 frá Birtingaholti 1, Hrunamannahreppi.

F: Úranus 10081, m: 1852, mf: Kambur 06022

Dætur Bófa eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar með hlutföll verðefna í mjólk aðeins undir meðaltali. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldýpt og útlögur heldur undir meðallagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er hokin og þröng. Júgurgerðin er slök, júgurfasta lítil og þau ekki nógu vel borin þó júgurband sé í meðallagi greinilegt. Spenar eru fremur grófir, langir og þykkir, og of utarlega settir. Mjaltir eru neðan meðallags þó mjaltagallar séu ekki áberandi í hópnum. Skap undir meðallagi þó ekki beri mikið á skapgölluðum gripum. Gripirnir koma ekki sérlega vel út í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Bófa er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum lit. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Bófi gefi hyrnd afkvæmi.

Bófi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Græðir 18004 frá Espihóli, Eyjafirði.

F: Úlli 10089, m: 968, mf: Húni 07041

Dætur Græðis eru mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru stórar kýr og háfættar, boldjúpar og útlögumiklar með veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er nokkuð sterkleg en eilítið þröng. Júgurgerðin er slök, júgurfasta lítil, júgurband ógreinilegt og júgrin ekki nógu vel borin. Spenar eru langir og grannir og meðalvel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi en aðeins ber á mis- og seinmjalta kúm. Skap þessara kúa er gott og ekki ber á skapgölluðum gripum enda koma þær vel út í gæðaröð. Ríflega helmingur afkvæma Græðis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Græði geta komið hyrndir gripir.

Græðir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Sjóli 18006 frá Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit.

F: Lúður 10067, m: Flekka 301, mf: Úlli 10089

Afurðageta dætra Sjóla er í tæpu meðallagi, fituhlutfall í mjólk er í meðallagi en próteinhlutfall nokkuð hátt. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru frekar breiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerð er allgóð, júgurfasta mikil og júgrin á gætlega borin en júgurband ógreinilegt. Spenar eru hæfilega langir, þykkir og nokkuð vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar ekki áberandi. Skap þessara kúa er í góðu meðallagi, enga skapgallaða gripi að finna í hópnum og útkoma í gæðaröðun er í meðallagi. Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Sjóla er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Sjóla geta komið hyrndir gripir.

Sjóli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Breki 18008 frá Kotlaugum, Hrunamannahreppi.

F: Dropi 10077, m: Milla 578, mf: Dynjandi 06024

Dætur Breka eru meðalkýr hvað mjólkurlagni snertir, hlutfall fitu í mjólk er meðalhátt og hlutfall próteins hátt. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, meðalháfættar, fremur boldjúpar og útlögumiklar með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerð er fremur góð, mikil festa og þau prýðilega vel borin en júgurband nokkuð ógreinilegt. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir eru slakar þó mjaltagallar séu ekki áberandi. Skap þessara kúa er í góðu meðallagi, enga skapgallaða gripi er að finna í hópnum og gæðaröðun meðalgóð. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Breka er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum og af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Breki gefi hyrnd afkvæmi.

Breki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Mjöður 18009 frá Smjördölum, Flóa.

F: Úranus 10081, m: Rene 539, mf: Bolti 09021

Dætur Mjaðar eru prýðilega mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi og próteinhlutfallið í meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með fremur veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, nokkuð beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin og þröng. Júgurgerðin er þokkaleg, júgurfesta í tæpu meðallagi, júgurband greinilegt og þau vel borin. Spenar eru mjög langir, fremur þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er undir meðallagi og aðeins ber á skapgölluðum gripum og þær koma ekki sérlega vel út í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Mjaðar er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum. Af grunnlitum eru rauðir, bröndóttir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Mjöður gefi hyrnd afkvæmi.

Mjöður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Grettir 18011 frá Steinsholti, Eystrihreppi.

F: Úranus 10081, m: Slaufa 703, mf: Úlli 10089

Dætur Grettis eru mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefna í mjólk eru lág. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr með boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin og þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, festa um meðallagi, júgurband ekki mjög greinilegt og júgrin meðalvel borin. Spenar eru hæfilega langir, eilítið þykkir og meðalvel settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er gott, fáar kýr skapgallaðar og þær koma vel út í gæðaröð. Nálægt tveim þriðju hlutar afkvæma Grettis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Gretti geta komið hyrndir gripir.

Grettir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Heikir 18014 frá Skálpastöðum Lundarreykjadal.

F: Lúður 10067, m: Slumma 1263, mf: Kambur 06022

Dætur Heikis eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk um meðallag en próteinhlutfall mjög hátt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, ákaflega boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er hokin og eilítið þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband ógreinilegt en festa mikil og júgrin allvel borin. Spenar eru mjög langir, aðeins grannir og meðalvel settir. Mjaltir eru meðalgóðar en ekki ber á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er heldur stirt og aðeins ber á skapgölluðum gripum í hópnum enda koma þær ekki sérlega vel út í gæðaröð. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Heikis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Heiki geta komið hyrndir gripir.

Heikir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Gumi 18016 frá Hæli 1, Eystrihreppi.

F: Dropi 10077, m: Brúður 632, mf: Lögur 07047

Dætur Guma eru í meðallagi mjólkurlagnar og hlutfall fitu í mjólk er rétt undir meðallagi en hlutfall próteins vel yfir. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar með meðalútlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband greinilegt, festa mjög mikil og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru aðeins langir, hæfilega þykkir og meðalvel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á sein- og mismjöltum í dætrahópnum. Skap þessara kúa er gott, skapgallar fátíðir en þó koma þær ekki vel út í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Guma er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Guma geta komið hyrndir gripir.

Gumi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Speni 18017 frá Hrafnagili, Eyjafirði.

F: Gýmir 11007, m: Buna 2173, mf: Koli 06003

Dætur Spena eru fremur litlar mjólkurkýr en fituhlutfall í mjólk er hátt og próteinhlutfall yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og fremur lágfættar kýr, í meðallagi boldjúpar með meðalútlögur og veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgurgerðin er góð, mikil festa og júgrin vel borin en júgurband ekki mjög greinilegt. Spenar hæfilega langir, þykkir og vel settir. Mjaltir eru slakar þó ekki beri á mjaltagölluðum gripum. Skap þessara kúa er yfir meðallagi og skapgallaðir gripir fáir í hópnum þó útkoma í gæðaröð sem ekki nema meðalgóð. Um tveir þriðju hlutar afkvæma Spena er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Speni gefi hyrnd afkvæmi.

Speni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Styrkur 18018 frá Hnjúki, Vatnsdal.

F: Úlli 10089, m: Stikla 421, mf: Lögur 07047

Dætur Styrks eru í meðallagi mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru stórar og mjög háfættar kýr, boldjúpar og útlögugóðar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, nokkuð beinar og fremur flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er slök, júgurband mjög ógreinilegt, festa meðalmikil og júgrin ekki vel borin. Spenar eru fremur langir, hæfilega þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru meðalgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er undir meðallagi og aðeins um skapgallaða gripi í hópnum þó kýrnar komi meðalvel út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Styrks er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Styrk geta komið hyrndir gripir.

Styrkur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Máttur 18019 frá Selalæk, Rangárvöllum.

F: Gýmir 11007, m: Bamba 1091, mf: Bambi 08049

Dætur Máttar eru í meðallagi mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru fremur lág, sérstaklega hlutfall próteins. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, fremur lágfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er í meðallagi sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, festa lítil og júgurdýpt fullmikil en júgurband mjög greinilegt. Spenar eru eilítið stuttir og fremur grannir og nokkuð gleitt settir. Mjaltir eru góðar og ekki ber á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er nokkuð undir meðallagi og nokkuð ber á skapgölluðum gripum í hópnum þó þær komi vel út í gæðaröðun. Meirihluti afkvæma Máttar er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Mætti geta komið hyrndir gripir.

Máttur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bar 18022 frá Ölkeldu 2, Staðarsveit.

F: Skalli 11023, m: Vera 833, mf: Vindill 05028

Dætur Bars eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurlagni varðar en hlutfall fitu í mjólk er hátt og hlutfall próteins yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og lágfættar kýr, fremur bolgrunnar með meðalútlögur og mjög veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er fremur hokin og allgleið. Júgurgerðin er fremur góð, júgurfesta vel yfir meðallagi, júgurband ekki mjög greinilegt en júgrin nokkuð vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt en fullgleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en mjaltagallar fátíðir. Skapið er mjög gott, skapgallar fátíðir og kýrnar koma nokkuð vel út í gæðaröð. Meirihluti afkvæma Bars er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Bar geta komið hyrndir gripir.

Bar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Biðill 18023 frá Torfum, Eyjafirði.

F: Gýmir 11007, m: Brúður 448, mf: Bambi 08049

Dætur Biðils eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr og hlutfall fitu í mjólk er hátt og próteinhlutfall mjög hátt. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, fremur bolgrunnar með meðalútlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er meðalsterk en gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband frekar ógreinilegt, festa góð og júgrin meðalvel borin. Spenar eru ákaflega grófgerðir, langir og mjög þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi en mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er undir meðallagi og skapgallaðir gripir koma fyrir þó gæðaröðun þeirra sé ágæt. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Biðils er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Biðli geta komið hyrndir gripir.

Biðill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Tangi 18024 frá Vestri-Reyni, Hvalfjarðarsveit.

F: Lúður 10067, m: 410, mf: Kambur 06022

Dætur Tanga eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með góðar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru frekar breiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin og eilítið þröng. Júgurgerðin er góð, festa góð og júgrin vel borin en júgurband ekki mjög greinilegt. Spenar eru hæfilegir að lengd en nokkuð þykkir og allvel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og aðeins ber á seinmjöltum. Skap þessara kúa er heldur neðan meðallags en skapgallaðir gripir eru mjög fáir í hópnum og kýrnar koma vel út í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Tanga er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Tanga geta komið hyrndir gripir.

Tangi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Togari 18025 frá Björgum, Útkinn.

F: Dropi 10077, m: Skúta 513, mf: Baldi 06010

Dætur Togara eru fremur litlar mjólkurkýr hvað magn varðar en hlutfall fitu í mjólk er hátt og hlutfall próteins í góðu meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, meðalboldjúpar, aðeins flatrifja og með veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, júgurband mjög áberandi, festa góð og júgrin meðalvel borin. Spenar eru hæfilega langir, grannir og vel settir. Mjaltir eru slakar þó mjaltagallar séu fátíðir. Skap þessara kúa er fremur gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum þó kýrnar komi ákaflega illa út í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Togara er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Togari gefi hyrnd afkvæmi.

Togari verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Tékki 18026 frá Glitstöðum, Norðurárdal.

F: Lúður 10067, m: Krúna 528, mf: Bambi 08049

Dætur Tékka eru meðalkýr hvað mjólkurmagn varðar en hlutföll verðefna í mjólk eru há, sérstaklega próteins. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, fremur boldjúpar með meðalútlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og mjög þaklaga. Fótstaða er hokin og nokkuð gleið. Júgurgerðin er fremur slök þar sem skortir á festu og þau ekki nógu vel borin þó júgurband sé nokkuð greinilegt. Spenar eru hæfilega langir en þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er afleitt og nokkuð ber á skapgölluðum gripum þá svo kýrnar komi þokkalega út í gæðaröðun. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Tékka er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir Ekki er þekkt að Tékki gefi hyrnd afkvæmi.

Tékki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kjarkur 18027 frá Bessastöðum, Heggstaðanesi.

F: Lúður 10067, m: Sólrún 450, mf: Baldi 06010

Dætur Kjarks eru undir meðallagi í mjólkurlagni og hlutföll verðefna í mjólk eru um eða undir meðallagi. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er hokin og þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, meðalfesta og júgrin meðalvel borin en júgurband ógreinilegt. Spenar eru hæfilega langir og aðeins þykkir en nokkuð gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og ekki mikið um mjlatagalla. Skap þessara kúa er gott og skapgallaðir gripir afar fáir í hópnum en þó koma kýrnar ekki sérlega vel út í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Kjarks er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema kolóttir og gráir komi fyrir. Undan Kjarki geta komið hyrndir gripir.

Kjarkur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Háfur 18028 frá Syðri-Bægisá, Öxnadal.

F: Skalli 11023, m: Skrúfa 565, mf: Bambi 08049

Dætur Háfs eru mjólkurlagnar og hlutfall fitu í mjólk eru hátt og hlutfall próteins í góðu meðallagi. Þetta eru fremur stórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar og fremur flatrifja með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru aðeins grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er fremur slök, festa lítil, júgrin illa borin en júgurband mjög greinilegt. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og meðalvel settir. Mjaltir eru góðar og ákaflega lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er yfir meðallagi, skapgallaðir gripir fáir í hópnum og þær koma ágætlega út í gæðaröð. Rúmlega þriðjungur afkvæma Háfs er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Háfur gefi hyrnd afkvæmi.

Háfur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fálki 18029 frá Svertingsstöðum 2, Eyjafirði.

F: Gýmir 11007, m: Sýning 784, mf: Bambi 08049

Dætur Fálka eru ekki mjólkurlagnar kýr en hlutfall fitu í mjólk eru mjög hátt en hlutfall próteins um meðallag. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og útlögumiklar en með veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, uppvisandi en nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband áberandi, festa mikil og júgrin vel borin. Spenar eru aðeins langir og töluvert þykkir en vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og aðeins ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er afburðagott og skapgallaðir ákaflega gripir fáir í hópnum enda raðast kýrnar mjög vel í gæðaröð. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Fálka er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Fálka geta komið hyrndir gripir.

Fálki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Beykir 18031 frá Brúnastöðum, Flóa.

F: Gýmir 11007, m: Átta 888, mf: Baldi 06010

Dætur Beykis eru mjólkurlagnar kýr en hlutfall fitu í mjólk er lágt og hlutfall próteins undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og nokkuð háfættar kýr, frekar bolgrunnar með útlögur í góðu meðallagi og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaðan er bein og nokkuð gleið. Júgurgerðin er undir meðallagi, júgurfesta í tæpu meðallagi, júgurband nokkuð ógreinilegt og júgrin tæplega meðalvel borin. Spenar eru aðeins langir, fremur þykkir en ágætlega settir. Mjaltir eru fremur slakar og aðeins ber á mismjöltum. Skapið er meðalgott, skapgallaðir gripir fátíðir og kýrnar koma ágætlega út í gæðaröðun. Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Beykis er tvílitur og þar ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Beyki geta komið hyrndir gripir.

Beykir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Eiðar 18034 frá Breiðavaði, Eiðapinghá.

F: Lúður 10067, m: Stera 675, mf: Koli 06003

Dætur Kota eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru mjög há. Þetta eru tæplega meðalstórar og fremur lágfættar kýr með boldýpt og útlögur í meðallagi og fremur veika yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er hokin en nokkuð gleið. Júgurgerðin er afleit, júgurfesta mjög lítil, júgurband ógreinilegt og þau ákaflega illa borin. Spenar eru mjög stuttir, aðeins þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru meðalgóðar og nokkuð ber á sein- og mismjöltum. Skap þessara kúa er nokkuð undir meðallagi og aðeins er um skapgallaða gripi í hópnum enda koma kýrnar frekar illa út í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Eiðars er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum ber álíka mikið á rauðum, bröndóttum og kolóttum litum en allir litir nema gráir koma fyrir. Undan Eiðari geta komið hyrndir gripir.

Eiðar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Flótti 18035 frá Bjólu, Rangárþingi ytra.

F: Lúður 10067, m: 1544, mf: Lögur 07047

Dætur Flóttu eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr með hátt hlutfall fitu í mjólk og gríðarhátt hlutfall próteins. Þetta eru stórar og háfættar kýr, ákaflega boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er frekar bein og nokkuð gleið. Júgurgerðin er slök, festa góð en júgurband ógreinilegt og júgrin ekki nægilega vel borin. Spenar eru langir, grannir og gleitt settir. Mjaltir eru slakar og aðeins ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er slæmt og nokkuð ber á skapgölluðum gripum í hópnum þó kýrnar raðist vel í gæðaröð. Rúmlega helmingur afkvæma Flóttu er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Flótti gefi hyrnd afkvæmi.

Flótti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Svelgur 18036 frá Voðmúlastöðum, Landeyjum.

F: Gýmir 11007, m: Antík 545, mf: Laufás 08003

Dætur Svelgs eru mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk undir meðallagi. Þessar kýr eru frekar stórar og mjög háfættar en fremur bolgrunnar með meðalútlögur og veika yfirlínu. Malirnar eru rúmlega meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er nokkuð bein en þröng. Júgurgerðin er fremur slök, lítil festa, ógreinilegt júgurband en meðalvel borin júgur. Spenar eru langir, ákfalega þykkir og heldur gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa gott og skapgallaðir nánast engir í hópnum enda raðast kýrnar vel í gæðaröðun. Vel innan við helmingur afkvæma Svelgs er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum bröndóttir litir oftast fyrir þó alla liti megi sjá. Undan Svelgi geta komið hyrndir gripir.

Svelgur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Starri 18037 frá Skollagróf, Hrunamannahreppi.

F: Gýmir 11007, m: Embla 509, mf: Kambur 06022

Dætur Starra eru mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk yfir meðalagi en próteinhlutfall nokkuð lágt. Þetta eru meðalstórar og lágfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og útlögumiklar með fremur beina yfirlínu. Malirnar eru ríflega meðalbreiðar, beinar og flatar. Fótstaða er aðeins hokin og fremur þröng. Júgurgerðin er góð, júgurfesta yfir meðallagi, júgurband nokkuð áberandi og júgrin í góðu meðallagi vel borin. Spenar eru langir, þykkir og allvel settir. Mjaltir eru slakar og aðeins ber á seinmjöltum. Skapið er mjög gott og lítið um skapgallaða gripi í hópnum en þó raðast kýrnar ekki nema meðalvel í gæðaröðun. Um þrír fjórðu hlutar afkvæma Starra er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Starra geta komið hyrndir gripir.

Starri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hvellur 18038 frá Hrafnkelsstöðum 3, Hrunamannahreppi.

F: Skalli 11023, m: Von 615, mf: Dynjandi 06024

Afurðageta dætra Hvells er mikil þar sem þær eru vel yfir meðallagi í mjólkurmagni og hlutföll verðefna í mjólk eru hærrí en meðaltal. Þetta eru frekar stórar og fremur háfættar kýr, nokkuð boldjúpar en útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru frekar grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er slök, júgurfasta nokkuð undir meðallagi, júgurband mjög ógreinilegt og júgrin ekki nógu vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins ber á seinmjöltum. Skap þessara kúa er gott og lítið um skapgallaða gripir í hópnum enda raðast kýrnar vel í gæðaröðun. Töluverður meirihluti afkvæma Hvells er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Hvelli geta komið hyrindir gripir.

Hvellur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kollur 18039 frá Stóru-Mörk 3, Eyjafjöllum.

F: Skalli 11023, m: 1191, mf: Flóki 13020

Dætur Kolls eru í góðu meðallagi hvað mjólkurmagn varðar og hlutfall fitu í mjólk er yfir meðallagi og hlutfall próteins mjög hátt. Þetta eru stórar og hágfættar kýr, með gríðarmikla boldýpt, miklar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru ákaflega breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er ákaflega sterkleg og mjög gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta er mikil en júgurband í meðallagi greinilegt og júgrin vart meðalvel borin. Spenar eru stuttir, hæfilega þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins um mismjaltir í hópnum. Skap er meðalgott en aðeins ber á skapgöllum þó kýrnar raðist allvel í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Kolls er einlitur þar sem mest ber á rauðum grunnlitum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Ekki er þekkt að Kollur gefi hyrnd afkvæmi.

Kollur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Landi 18040 frá Halllandi, Svalbarðsströnd.

F: Gýmir 11007, m: Aðalheiður 1071, mf: Koli 06003

Dætur Landa eru í meðallagi mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk eru aðeins undir meðalagi. Þetta eru fremur smáar og frekar lágfættar kýr, nokkuð bolgrunnar með útlögur í tæpu meðallagi og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð þar sem júgurband, júgurfasta og júgurdýpt eru í góðu meðallagi. Spenar eru eilítið langir, hæfilega þykkir og allvel settir. Mjaltir eru mjög slakar sem og nokkuð um sein- og mismjaltir í hópnum. Skap þessara gripa er meðalgott, skapgallar ekki algengir en kýrnar raðast illa í gæðaröð. Meirihluti afkvæma Landa er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir og svartir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Landa geta komið hyrindir gripir.

Landi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Prjónn 18045 frá Hurðarbaki, Flóa.

F: Dropi 10077, m: Hnota 880, mf: Bambi 08049

Dætur Prjóns eru meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir og hlutfall fitu í mjólk er lágt en hlutfall próteins hátt. Þetta eru meðalstórar og fremur háfættar kýr, nokkuð boldjúpar með útlögur undir meðallagi og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, festa undir meðallagi, júgurband greinilegt en júgrin tæplega nógu vel borin. Spenar eru fremur stuttir, aðeins þykkir og vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar en aðeins ber á sein- og mismjöltum í hópnum. Skap þessara kúa er ákaflega gott og engir skapgallaðir gripir í hópnum enda raðast kýrnar prýðilega í gæðaröðun. Mjög mikill meirihluti afkvæma Prjóns er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Prjóni geta komið hyrndir gripir.

Prjónn verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fellir 18050 frá Búrfelli, Svarfaðardal.

F: Skalli 11023, m: Lögga 499, mf: Lögur 07047

Dætur Fellis eru mjólkurlagnar kýr en hlutfall fitu í mjólk er lágt og próteinhlutfall undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og fremur lágfættar kýr, boldjúpar og útlögugóðar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er undir meðallagi, júgurfasta góð en júgurband ekki áberandi og júgrin fremur illa borin. Spenar eru aðeins langir og þykkir en vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum enda raðast kýrnar vel í gæðaröðun. Um þrjú fjórðu hlutar afkvæma Fellis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Felli geta komið hyrndir gripir.

Fellir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.